

Þingeyjarsveit
Kjarna
650 Laugar

Reykjavík 29. nóvember 2018
UST201810-199/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Þéttbýliskjarni – Aðaldalur í Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjasveitar er barst 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að uppfærðu deiliskipulagi af þéttbýliskjarna í Aðaldal í Þingeyjarsveit.

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæði er um 6,6 ha og er við heimtröð að Garði í Aðaldal. Á svæðinu í dag eru þrjár byggingar; leiksskóli, íbúðarhús og aðstaða fyrir Hhjálparsveit skáta. Einnig kemur fram að breytingin á deiliskipulaginu er á þá leið að parhúsalóðir verða fjórar í stað þriggja, einbýlishúsalóðir verða fjórtán í stað ellefu, stofnanalóð þar sem núna er leiksskóli verður íbúðarlóð, stofnannalóð við Iðjugerði 1 verður að athafnalóð, þrjár athafnalóðir verða tvær til þrjár með sveigjanlegri afmörkun. Auk þess verur vegtenging til suðurs að Hlégarði felld út og ný lóð fyrir fráveitu verður afmörkuð.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Gervigígapyrpingar í Aðaldal og er númer 526 undir aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem gjallgígum og borgum í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafralæk, Garð, Jarlsstaði og Tjörn og sem fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra. Svæðið sem hér um ræðir fellur því undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en lögin tóku gildi 15. nóvember 2015.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Það er mat Umhverfisstofnunar er sú að tillagan sýni ekki fram á nægilega sterk rök sem réttlætir röskun á ofangreindu verndarsvæði sem skipulagstillagan nær til.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur